

# **Gjaldskrá**

## **fyrir akstursþjónustu eldri borgara í Garðabæ**

### **1. gr.**

#### **Upphæð gjalds**

Gjald fyrir hverja ferð hjá akstursþjónustu eldri borgara er eins og almennt strætisvagnafargjald eins og það er hverju sinni.- Ferð er skilgreind í gjaldskrá þessari sem akstur á milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka.

### **2. gr.**

#### **Fylgdarmaður/Gestur**

Sé þörf fyrir fylgdarmann með ferðþjónustu Strætó bs. er ekki innheimt gjald fyrir hann. Sé um að ræða gest sem nýtir þjónustuna innheimtir akstursaðili sama gjald fyrir hann og þann sem þjónustunnar nýtur. Gildir ekki í ferðir ef akstur er með leigubíl.

### **3. gr.**

#### **Gjaldskylda ónýttrar þjónustu**

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt. Afpöntun ferðar skal vera með sem mestum fyrirvara, helst deginum áður en í undantekningartilvikum þremur klukkustundum fyrir fyrirhugaða ferð. Að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

### **4. gr.**

#### **Innheimta gjalds**

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

### **5. gr.**

#### **Gildistaka**

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var á fund bæjarstjórnar Garðabæjar 4. júní 2020 tekur gildi frá og með 1. júlí 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar

4. júní 2020

Guðjón Erling Friðriksson,  
bæjarritari.